



FSu

Kennsluáætlun STÆR2RU05 (STÆ 122) Vor 2017

Markmið:

- Nemendur kynnist frumhugtökum Evklíðskrar rúmfræði.
- Nemendur þekki hornasummu þríhyrninga og geti notað þá þekkingu við lausn viðfangsefna.
- Nemendur læri að notfæra sér reglur um hringi og horn við þá.
- Nemendur tileinki sér reglu Pýþargórasar og reglur um einslaga þríhyrninga.
- Nemendur þjálfist í flatarmáls- og rúmmálsreikningum.
- Nemendur kynnist skilgreiningum á hornaföllum, þ.e. sínus, cosínus og tangens og reglum um þríhyrninga leiddum af þeim.

Kennslubækur og önnur kennslugögn:

- STÆ 103 eftir Jón Þorvarðarsson. Reykjavík 2012
- Ljósritað ítarefni frá kennara.
- Vasareiknir (scientific), reglustrika og gráðubogi.
- Nemendum er bent á að notfæra sér stærðfræðivefinn **rasmus.is** (frekari upplýsingar hjá kennara).

Námsmat:

Námsmat byggir á:

1. Árangri á kaflapróf/skyndipróf/tímaverkefni (30%).
2. Árangri á skriflegu lokaprófi (70%).

Vetrareinkunn reiknast inn í lokaeinkunn nemenda samkvæmt uppgefnum vægisþáttum í kennsluáætlun. Þó mun hún ekki hækka lokaeinkunn nemenda upp fyrir einkunnina 4 sé um fall að ræða hjá honum á lokaprófi.

Til athugunar:

Sérstök áhersla er lögð á að nemendur sýni vandvirkni, nákvæmni og öguð vinnubrögð við frágang. Þess er krafist að nemendur setji fram útreikninga og niðurstöður á skýran og greinargóðan máta. Slæmur frágangur hefur í för með sér lægri einkunn. Fjarvera úr kennlustund lengur en 10 mínútur jafngildir F í viðveruskrá.

Áætlun um yfirferð í áfanganum:

| Vika | Efnisatriði | Blaðsíðutal |
|-------|----------------------------|-------------|
| 1 | 7. Kafli. Um horn | 113-118 |
| 2-4 | 8. Kafli. Þríhyrningar | 119-172 |
| 4-6 | 9. Kafli. Hringir | 173-196 |
| 6-9 | 10. Kafli. Flatarmál | 197-216 |
| 9-11 | 12. Kafli. Hornaföll | 241-256 |
| 13-15 | 11. Kafli. Rúmmál Yfirborð | 217-240 |
| 17-19 | Upprifjun | |

Áætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.

Verkefnaskil og próf:

Á önninni verða lögð fyrir 4 lotupróf.

Nemanda er skylt að taka öll kaflaprófin nema lögmæt forföll komi til. Sé nemandi fjarverandi þá kennslustund sem tilkynnt hefur verið um próf fær hann einkunnina 0 fyrir þann námsþátt, nema lögmæt forföll komi til.

Nemandi sem uppfyllir 65% námsmarkmiða verkefna annarinnar, getur ef hann vill sleppt lokaprófi.

Athugasemdir og skýringar:

Nemendur eru hvattir til að nýta sér viðtalstíma kennara, en tímasetning þeirra verður auglýst fljótlega.

Nemandi skal alltaf mæta í kennslustundir með þau gögn og verkfæri sem til er ætlast.

Ef út af þessu bregður getur kennari skráð **F** á viðkomandi nemanda.

F.Su. 4. janúar 2017

Með ósk um góðan árangur á önninni.

Kennarar: Kjartan Ólason, Kristjana Sigríður Skúladóttir, Magnús Másson.